

Nd. 100. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Ríkisborgarétt skal öðlast:

Jóhann Stefán Thorarensen, fyrrum bóndi í Kaupangi í Eyjafirði, fæddur 7. ágúst 1872 á Akureyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta reglulegu Alþingi (64. löggjafarþingi) var frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar, þskj. 1019, sem á voru skráð nöfn 25 karla og kvenna af íslenskum og erlendum uppruna. Frv. þetta náði ekki fram að ganga sakir ágreinings um nokkra útlendinga, sem óskuðu ríkisborgararéttar hér. Um Jóhann Stefán Thorarensen var hins vegar enginn ágreiningur, enda er hann borinn og barnfæddur hér á landi og hefur lengst af alið aldur sinni á Ísland, þó hann hins vegar á fullorðins aldri færi til Bandaríkja Ameríku og dveldi þar um alllangt skeið og öðlaðist ríkisborgararétt í því ríki, en missti sinn hér á landi.

Nú sækir hann fast að fá aftur ísl. ríkisborgararétt, og ber ég þess vegna fram þetta frv.